

1863.

9. júním.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um fjárgreiðslu úr dómsmálasjóðnum til málaflutningsmanna og dómenda við landsyfir-rèttinn.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi sent hingað með þegnlegri skýrslu yðar, dagsettri 18. d. septembermán. 1861, álitsskjal alþingis, dagsett 13. d. ágústmán. s. á., en í því er stungið uppá:

1. að laun hinna föstu málaflutningsmanna við yfirdóminn á Íslandi verði um hin næstu 4 ár greidd úr dómsmálasjóði Íslands, og
2. að þeir 300 rdl., sem þá voru borgaðir úr dómsmálasjóðnum til yfirdómendanna í landsyfirrèttinum, verði hið fyrsta skeð getur borgaðir þeim árlega úr ríkissjóði.

Dómsmálastjórnin skorar nú á yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi því, er haldið verður í sumar, að kunnjóra þinginu um hina fyrri af uppástungum þessum, að yður hafi verið boðið í bréfi stjórnarráðsins 22. janúarm. f. á. samkvæmt konungsúrskurði 19. marzmán. 1858¹ að láta borga málaflutningsmönnum þeim, sem fyrst um sinn hafa verið skipaðir við yfirdóminn, launin á sama hátt og að undanfögnu úr hinum íslenzka dómsmálasjóði, og að senda dómsmálastjórninni, undir það að 4 ár eru liðin, skýrslu um, að hve miklu leyti sjóðurinn framvegis sé fær um að bera kostnað þenna, og um hina síðari uppástunguna, að einsog þegar var á vikið í ástæðunum fyrir lagafrumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi (1859), um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, geti þeir 250 rd., sem fyrsta dómaramum í yfirrèttinum eru greiddir úr dómsmálasjóðnum, ekki álitizt að vera partur af embættislaunum hans, heldur endurgjald fyrir störf, er ekki fylgja með embættinu, en það eru útlekkingar á réttargjörningum í sakamálum og gjafsóknarmálum, þeim er úfríað er til hæstarèttar, og að þessvegna hafi ekki verið haft neitt tillit til þessa fjár við launahækkun þá, er

¹) Sjá br. dómsmálastj. 23. marzm. 1858 ogagl. auglýs. til Alp. 27. maímán. 1859, II. 7.

hann fékk við lögina frá 19. janúarmán. þ. á. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, en þar á móti séu burtfallnir við lög þessi þeir 50 rd. á ári, er að undanfögnu hafa veittir verið öðrum dómáranum í yfirrættinum úr dómsmálasjóðnum, sem launaviðbót í eiginlegum skilningi.

1863.

9. júním.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu.

16. júním.

Dómsmálastjórnin hefir veitt Valgerði á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þetta er yður hérmeð kunngjört yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það hlutaðeiganda.

44. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skýrslur um blinda.

18. júním.

Athygli stjórnarráðsins hefir leiðzt að því, að hingað ekki er send nein skýrsla um blinda á Íslandi, og að þaðan ekki hefir komið nein ósk um, að blindum mönnum væri veitt viðtaka á stofnun þá, sem hér er fyrir blinda, síðan sú stofnun komst á fót.

Til þess nú að stuðla til þess, að stofnun þessi einnig geti komið blindum mönnum á Íslandi að notum, sendir stjórnarráðið yður með bréfi þessu nokkur exemplör af lögum d. 21. janúarmán. 1857 um að stofna skóla handa blindum¹, til þess þér sendið

¹) Til skýringar um stofnun þessa skulu hér til færðar tvær greinir úr lagabodinu:

1. grein. Fyrir konungsríkið Danmörku skal stofna skóla handa blindum; á hann að geta veitt viðtöku að minnsta kosti 60, og á það að vera tilgáangur hans að alla hinum blindu þess andlegs þroska og þeirrar kunnáttu, að vöntun sjónarinnar verði þeim svo léttbær, sem